

Starfsáætlun Hörðuheima

Frístundar Hörðuvallaskóla



Skólaárið 2020 – 2021

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Tölulegar upplýsingar	3
Gjaldskrá og umsóknir	4
Starfsemi Hörðuheima	4
Starfið í vetur - Hörðuheimar 1.-2. bekkur	5
Starfið í vetur – Kastalinn	6
Skólabragur /reglur	6
Barnaráð	7
Foreldrasamstarf	7
Öryggi og verkferlar	8
Fyrirkomulag inn- og útskráningar	8
Á ferð með börnin	8
Áverkar	10
Hressing	11
Símenntunaráætlun	11
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	12

Hagnýtar upplýsingar

Frístund Hörðuvallaskóla ber nafnið Hörðuheimar. Forstöðumaður Hörðuheima er Birta Baldursdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Róshildur Björnsdóttir

Hægt er að hafa samband í síma 441-3633 fyrir klukkan 12:00 á daginn. Einnig er hægt að senda tölvupóst á horduheimar@kopavogur.is

Opnunartími Hörðuheima er frá því að skóladegi líkur til 17:00 alla virka daga nema þá tvo lögbundnu skipulagsdaga sem Hörðuheimar eiga rétt á. Einnig er lokað í vetrarfríum. Hörðuheimar er opin milli jóla og nýárs og í dymbilviku. Sérstök skráning fer fram þessa auka daga ásamt því að sérstakt gjald er tekið fyrir. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í gjaldskrá Kópavogsbæjar. Ekki verður tekið á mótí óskráðum börnum. Þessi opnun er auglýst sérstaklega með bréfi til foreldra og á vef og facebook síðu skólans.

Veikindi og leyfi barna þarf að tilkynna á netfangið horduheimar@kopavogur.is. Ef barnið er í skólanum en á ekki að mæta í frístund er mikilvægt að láta forstöðumenn vita fyrir **kl. 12:00**. Það er hægt að gera með því að senda tölvupóst á netfangið horduheimar@kopavogur.is.

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna skráð í Hörðuheima: 219

Fjöldi barna í 1. Bekk: 76

Fjöldi barna í 2. Bekk: 78

Fjöldi barna í 3. og 4. bekk: 65

Gjaldskrá og umsóknir

Umsóknir um Frístund fara eingöngu fram inná þjónustugátt Kópavogsbæjar, þar er hægt að sækja um systkinaafslátt og velja vistunartíma barns. Frestur til þess að sækja um, breyta eða segja upp og sækja um afslátt er 20. hvers mánaðar.

Breytingar taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum eftir það. Farið er yfir skráningar og þær breytingar samþykktar.

Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað barn, en 75% af dvalargjaldi fyrir þriðja barn og 100% fyrir fjórða barn eða fleiri. Systkinaafsláttur er einnig veittur ef yngri systkini er í leikskóla eða Kópavogsbær greiðir framlag vegna dvalar systkinis hjá dagforeldri. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri systkina.

Systkinaafsláttur reiknast einnig af lægra gjaldi.

Síðdegishressing kostar 144 krónur á dag.

Vistunartími á mánuði

Mánaðargjald

Allt að 20 klst á mán	7.940 kr.
21-40 klst á mán	13.899 kr.
41-60 klst á mán	18.533 kr.
61-80 klst á mán	21.841 kr.

Starfsemi Hörðuheima

Hörðuheimar hafa aðstöðu sína í 4 skúrum á lóð skólans. Starfið skiptist í tvennt, starf í Hörðuheimum fyrir fyrsta og annan bekk og Kastalinn fyrir þriðja og fjórða bekk. Börn í 1. og 2. bekk eru sótt í stofurnar sínar eftir að skóladegi lýkur.

Hörðuheimar eru opnir til 17:00 alla virka daga yfir veturinn. Á starfsdögum skólans er alla jafna opið. Hörðuheimar fá hinsvegar tvo starfsdaga fyrir sig, einn fyrir áramót og einn eftir áramót.

Starfið í vetur - Hörðuheimar 1.-2. bekkur

Markmið Hörðuheima er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf og koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum og að unnið sé út frá styrkleikum barnanna.

Starfið í Hörðuheimum byggist mikið á vali og eiga öll börn að vera með valspjald sem er merkt með nafni og mynd, hver bekkur á sinn lit. Með skipulagi valsins virkjum við lýðræði barnanna, við gefum þeim tiltekin völd til þess að taka ákvarðanir og þeim er sýnd virðing af hálfu okkar fullorðna fólksins. Með því viljum við stuðla að því að börnin upplifi að hinir fullorðnu virði þau sem einstaklinga, virði hæfni þeirra til þess að taka ákvarðanir og þeirra eigin skoðanir. Meðal þess sem getur verið í vali er lego, litir, perlur, kapplakubbar, bílar, skotbolti, dans og margt fleira. Einnig erum við mikið úti að leika okkur.

Rými Hörðuheima heita, Rauðuheimar, Guluheimar, Svörtuheimar, Bláuheimar og Grænuheimar. Allir þessir heimar hafa einhvern sérstakan tilgang, þar sem hvert rými er nýtt í ákveðinn leik eða verkefni.



Eitt af markmiðum Frístunda í Kópavogi er að auka samstarf milli íþrótt- og tómstundafélaga. Er stefna Kópavogsbæjar að skapa heildstæðan skóladag fyrir börn í 1 – 4 bekk. Í Hörðuheimum er boðið uppá rútur fyrir börn sem sækja æfingu hjá Gerplu og Breiðablik og er mjög mikilvægt að foreldrar fylli inn viðeigandi upplýsingar inná íbúðargátt í hvaða tómstundum barnið er. Þar sem HK er í næsta húsi við okkur þá geta börnin í Hörðuheimum labbað sjálf yfir og sér starfsfólk HK og Hörðuheima um að koma börnunum á æfingar þar á réttum tíma. Ekkert barn er sent á æfingar nema foreldri/forráðamaður hafi fyllt inn viðeigandi upplýsingar inná þjónustugátt Kópavogsbæjar eða sent tölvupóst.

Starfið í vetur – Kastalinn

Kastalinn er í boði fyrir 3. og 4. bekk þar sem í boðið uppá val, með lego, segulkubbum, perlum, litir og fótboltaspil, playstation, píla og borðtennis. Uppbrot er gert á dagskrá hverja viku fyrir sig. Nýtum heimilsfræðistofuna í bakstur og önnur verkefni. Ásamt vali reynum við að nýta nærumhverfið í ferðir, gangandi eða með strætó.

Kastalinn er heiti fyrir 3 og 4 bekkja starfið og er undir Hörðuheimum. Klúbbar og almennt starf í Kastalanum er gert í samráði við börnin hverju sinni og reynum við að mæta þeirra hugmyndum, um efnivið og starfið hverju sinni. Hugmyndin með Kastalanum er að skapa meiri félagsmiðstöðvar stemningu þar sem ramminn er minna afmarkaður heldur en í starfi 1. og 2. bekkjar.

Skólabragur /reglur

Í Hörðuheimum tökumst við á við mismunandi verkefni. Unnið er á ýmsa vegu þar sem allskonar þættir eru styrktir og þá sérstaklega félagsfærni. Við vinnum í gegnum leik, bæði frjálsan og skipulagðan. Við í Hörðuheimum vinnum eftir einkunnaroðum skólans „það er gaman í skólanum“ gildir það sama um Hörðuheima og viljum við að öllum líði vel og hafi gaman. Tekist er á við vandamál með yfirvegun og í samvinnu við börn og foreldra. Einnig er unnið eftir eineltisáætlun skólans sem er að finna á heimsíðu Hörðuvallaskóla.

Barnaráð

Barnaráð var stofnað í haust. Ráðið byggir á 12. grein Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Í Hörðuheimum leggjum við áherslu á að starfsemin taki ávalt mið af sjónarhorni barnanna með hagsmuni og vellíðan þeirra að leiðarljósi. Aðra hverja viku er 1. og 2. bekkur saman á fundi inni í sal. Þar eru dregin 6 börn í 2. bekk og 4 í 1. bekk, með trommuslætti og fagnaðarlátum. Hugmyndakassi Hörðuheima er börnunum aðgengilegur alla daga þar sem þau geta komið hugmyndum sínum á framfæri í lituðu eða skriflegu formi. Barnaráðið situr í tvær vikur í senn. Barnaráðið situr fund með starfsmanni þar sem farið er í gegnum hugmyndakassa Hörðuheima, ásamt því að skipuleggja barnaráðsdag. Hugmyndir úr hugmyndakassanum eru flokkaðar í þrjá flokka; framkvæmanlegar hugmyndir, óframkvæmanlegar hugmyndir og ógildar hugmyndir.

Barnaráðsdagar hafa verið tveir þetta árið. Kósý bíó í salnum með poppi, djús og sleikjó, ásamt því að það var snúður í síðdegishressingu. Seinni dagurinn var að fá leynigest sem voru strákar úr Sirkus Íslands sem voru með atriði á sal og kleinuhringur í síðdegishressingu.

Foreldrasamstarf

Nauðsynlegt er að láta vita af öllum breytingum á vistun barnanna. Hvort sem það er breyting á heimferð, breyting á tómstundastarfi, barn fer heim með öðru barni o.s.frv. Best er að senda tölvupóst á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila. Einnig er hægt er að hafa samband í síma í síma 441-3633 fyrir klukkan 12:00 á daginn. Ef upp kemur sú staða að það sé þörf að ná í okkur eftir klukkan 13:00 erum við með vaktsíma **s:8255947** þar sem hægt er að ná í starfsfólk Hörðuheima. Sendir eru út vikupóstar með dagskrá vikunnar og öðrum fréttum. Við leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við foreldra og að þau séu upplýst um starfið í Hörðuheimum ásamt því að þau geti leitað til okkar ef upp vakna spurningar eða við til þeirra ef þess þarf. Í Hörðuheimum tökum við vel á móti athugasemdum og ábendingum.

Öryggi og verkferlar

Starfsmenn Hörðuheima vinna eftir öryggisferlum Kópavogsbæjar, sem þau skoða í starfsmannahandbók.

Fyrirkomulag inn- og útskráningar

Sótt er 1. og 2. bekk í stofurnar sínar að skóladegi loknum. Þar skrá starfsmenn inn börnin í gegnum Völuna. Starfsmenn fylgja svo börnum yfir í Hörðuheima.

Starfsmaður Kastalans hverju sinni tekur svo á móti 3 og 4 bekk og skráir inn. Tveir starfsmenn eru fastir á þessari stjórnstöð allan daginn og þeirra verk er að halda utan um allar skráningar og senda börn í rútur og heim á réttum tíma. Í Völunni eru líka viðeigandi upplýsingar sem fáast um morguninn í gegnum síma eða tölvupóst sem forstöðumenn fá. Því er mikilvægt að láta vita ef breyting verður á heimför, ef barn á að fara fyrr, ef einhver annar sækir en vaninn er eða ef barn á að fara heim með öðru barni. Best er að senda póst um morguninn á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila. Þegar börnin fara heim eftir daginn setja þau valspjaldið sitt í „blessbless“ og kveðja starfsmann á stjórnstöð.

Á ferð með börnin

Undirbúningur

Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma. Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer. Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka. Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn. Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

Farið yfir götu

Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópinn er tilbúinn að fara yfir götuna. Mikilvægt að börnin gangi yfir

götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir. Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.

Strætóferðir

Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn. Kynna sér vel tímaáætlun strætó. Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út úr strætó. Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð. Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort. Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu. Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó. Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn. Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

Að fara í íþróttarútu

Starfsmenn dægradvala sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu. Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spennu öryggisbelti ofl.

Almenningsgarðar

Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bækistöðinni til öryggis. Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt. Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins. Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur. Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.

Áverkar

Smávægilegir áverkar

Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur. Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum. Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

Alvarlegir áverkar

Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl. Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp. Starfsfólk skiptir með sér verkum og sjá til þess að sinna öðrum börnum. Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt á 112 og barni fylgt á slysadeild. Haft er samband við forráðamenn. Starfsmönnum dægradvala ber að sækja skyndihjálparnámskeið annað hvert ár. Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita.

Höfuðhögg

Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Gera skal skýrslu um slysið. Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpena eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

Hressing

Á hverjum degi er boðið upp á síðdegishressingu. Í Hörðuheimum er reynt að bjóða upp á mikla fjölbreytni. Brauðmeti, hrökkbrauð, álegg, skyr, jógúrt, ávextir og grænmeti. Aðra hverja viku er



barnaráðsdagur og þá ræður barnaráðir hvað er í boði í síðdegishressingu. Getur það verið mjög fjölbreytt eftir hverju ráði.



Innra mat

Tryggja ber að starfsemi Frístunda sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnumótun um Frístundir. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum. Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda.

Hver Frístund mótar kerfisbundið innra mat á árangur og gæði starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt er að börnin, foreldrar og starfsfólk taki þátt í að meta starfið, eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasvæði skólans.

Símenntunaráætlun

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir starfsfólk og stjórnendur frístunda. Eins og áður sagði fær starfsfólk Frístunda tvo skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn og eru þeir skipulagðir af forstöðumönnum Frístunda og skólastjórum til símenntunar.

Á skipulagsdegi haustannar, þann 4.október, var dagurinn nýttur til þess að funda með starfsfólki Hörðuheima, námskeið um heguðunarraskanir sem sálfræðingur skólans hélt. Á fundinum var farið yfir mikilvæg atriði og hugmyndir ræddar til þess að bæta starfið. Rætt næstu upptakomur í starfinu, klúbbar og ferðir skipulagðar.

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Birta Baldursdóttir - Forstöðumaður

Róshildur Björnsdóttir – Aðstoðarforstöðumaður

Aron Ingi Laxdal Jónsson - Frístundaleiðbeinandi í 100%

Bjarki Freyr Magnússon – Frístundaleiðbeinandi

Bertha María Smáradóttir - Frístundaleiðbeinandi

Brynjar Örn Hauksson - Frístundaleiðbeinandi

Darri Gunnarsson - Frístundaleiðbeinandi

Diljá Baldursdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Dóra Líf Garðarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Erna Helga Hallgrímsdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Elva Geirdal – Frístundaleiðbeinandi

Eysteinn Þorri Björgvinsson - Frístundaleiðbeinandi

Faustina Meilunaite – Frístundaleiðbeinandi

Garðar Elí Jónasson - Frístundaleiðbeinandi

Hrafnhildur Hauksdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Hera Rán Bjarkardóttir – Frístundaleiðbeinandi

Helgi Tómas Helgason – Frístundaleiðbeinandi

Hólmur Birgisson - Frístundaleiðbeinandi

Ingunn Dögg Nikulásdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Margrét Áslaug Heiðarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi 75%

Margrét Stefanía Þorkelsdóttir – Frístundaleiðbeinandi